Það er þá einsætt, að félagið hættir strandferðum nú við árslokinn, hvort sem alþingi veitir því uppgjöf á strandferðasamningnum eða eigi. Fái félagið ekki uppgjöfina og verði gjaldþrot, þá hætta ferðirnar.

Ög þar sem lítil sem engin útsjón er til þess að landssjóður geti neinum skaðabótum náð hjá félaginu, þá er oss ekki sýnt, að alþingi geti nokkra hvöt haft til að vera að gera félagið gjaldþrota. Virðist oss því mannuðlegast að gefa félaginu upp samninginn.

En þá vaknar sú vandaspurning fyrir nefndinni, hvornig að því eigi að fara að útvega landinu einhverjar strandferðir næsta ár, meðan verið er að hugsa fyrir framtíðinni og semja fyrir hana.

Nefndin mintist eðlilega þess, að 1909 lá fyrir alþingi hagfeldt boð um strandferðir frá Sameinaða gufuskipafélaginu. Nú stóð svo á, að erindreki frá því félagi var hér staddur í fyrria mánuði, og mun vera hér aftur staddur nú. Nefndin fekk hann því til viðtals við sig, til að heyrja undirtekta hans um, með hverjum kjörum það félag kynni að vilja taka að sér strandferðirnar. En vér fengum þau svör hjá honum, að félagið vildi með engin boð koma, og skildist oss helzt á honum, að félagið vildi ekkert með ferðir þessar hafa að gera.

Engin tilboð hafa heldur til nefndarinnar komið úr neinni annari átt, og enginn tími fyrir nefndina nú að fara að leita til annara landa um þetta efni.

Hinsvegar getur oss eigi dulist það, að þar sem fregnirnar um fjárþróng Thorefélagsins og um það, að það ætlaði að beiddast eftirgjafar á strandferðasamningnum, voru orðnar heyrin-hér í Reykjavík í málmánuði, og það fyrir miðjan maí, þá hefði mátt búast við því af stjórnarráðinu, að það hefði leitað fyrir sér í tíma hjá líklegustu erlendum gufuskipafélagum, látið þau vita, hvers krafist var um ferðafjölda og viðkomustaði og reynt að fá frá þeim tilboð um ferðirnar, og jafnvel menn til samninga við þingið. Ráðherra var erlendis um þetta leyti, og hefði því verið sjótgerðara en ella að fá greið andsvör um þetta mál. En þetta hefir stjórnin ekki gert, og fyrir því stendur nefndin uppi tilboðalaus.

Þá var því hreyft í nefndinni, að landið leitadi við að fá Austru og Vestra á leigu um eins árs tíma, og ræki svo sjálft strandferðirnar á sinn kostnað. Að visu voru oss sögð nokkur líkindi á því, að bátarnir mundu fást til leigu, en meiri hluta nefndarinnar þótti þetta þó víðsjárvert og kostnaður óvís. — Loks var því hreyft í nefndinni, að landssjóður keypti gufubátana Austru og Vestra og ræki svo strandferðir með þeim á sinn kostnað. Meiri hluta nefndarinnar þykir þetta ördulegt; telur allan rekstur fyrirtækja á landssjóðs kostnað varhugaverðan, og minnir á tjón það, sem landssjóður hafi beðið við Vestu-útgerðina; fjárhagur landsins sé og mjög krappur nú og stjórnin í peningavandræðum. Lán telur meiri hlutinn einnig ördulegt að taka í þessu skyni, þar sem árangurinn sé svo tvísýnn og hætt við tapi.

Minni hlutinn er hér á öðru máli, svo sem hann mun frá skýra í sérstöku minni hluta nefndaráliti.

Hins vegar þykir þó nefndinni ilt að láta strandferðir allar niður falla, og sérstaklega er það álit hennar, að hringferðirnar megi með engu móti niður falla.

Hér þykir við eiga, að geta þess, að nefndin hefir gert sér talsvert far um að grenslast eftir, hvornig á því standi, að strandferðirnar hafa borðið sig svo illa, sem raun hefir á orðið bæði nú og fyrri. Í þessu skyni hefir nefndin átt tal við skipstjórnina á Austru og auk þess spurst fyrir hjá alþingismönnum, sem kunnugir eru viðs vegar um landið. Árangurinn af þessu er sá, að nefndin þykir mega fullyrða, að viðkomustaðir strandbátanna séu langsamlega af margir, að ekkert vit sé í. Þetta kemur af því, að útgerðarfélagið, sem kostnaðinn ber, ræður ekki viðkomustöðum og ferðaáætlun. Þar er landstjórnin með að áskilja viðkomustaði, og fer hún þar eftir óskum og kröfum alþingis. En alþingismenn hafa jafnan reynt ótrauðir á að krefjast gufuskipaviðkomu, hver í sinn kjördæmi einn og

fráleitustu stöðum; stundum líklega af einhverri mikilmensku, til að geta sagt kjösendunum, að þessu hafi þeir áorðað að útvega kjördæminunýjan viðkomustað. Það eitt er vist, að reynslan hefir sýnt og sannað, að ekki allfáir viðkomustaðir eru þeir í áætlunum strandbátanna, þar sem ýmist er ekkert eða sama sem ekkert að flytja, hvorki fólk, farmur né póstsendingar. Á sumum þessum viðkomustöðum er ýmist ekkert eða þá eitt eða tvö póstkort og bréf, stundum farmur sem fyrirtæst frá 50 árum til fimm kr. í flutningsgjald, og sumir eru þeir staðir, sem enginn vinnur til að senda båt frá úr lán út í skipin, þegar þau koma. Sendi skipstjóri båt í land, spyr fólk, hvern skollann þeir vilji, hér sé ekkert að gera. Á fjórðum þeim og flóum, þar sem landssjóður borgar háan styrk til gufuskipa innan flóa, sleikja strandbátarnir upp sömu hafnirnar samtíða flóabátunum, og stundum samtíða millilandaskipunum, og etur þannig hver frá öðrum, svo að tvö skipin af þremur fá alls ekkert að gera, og eitt fær einhvern örflinn slatta. Nefndin telur vist, að af 47 viðkomustöðum »Vestru« mætti að skaðlausu fella úr 23 viðkomustaði, nokkra þeirra í öllum ferðum, en nokkra í helmingi ferðanna eða meira. Nokkuð áþekt er með »Austru«. Af 26 viðkomustöðum hans telur nefndin mega fella niður að minsta kosti 9 viðkomustaði, suma í öllum ferðum, suma í nokkrum. Aftur kynni að þurfa að bæta þar við einum eða tveim höfnum í nokkrum ferðum, ef Sudurlandsskipinu verður slept, og önnur úrræði tekin með samgöngur við Vík og Stokkseyri.

Með þessu móti mundi vinnast tími til að láta »Vestru« fara einar tver eða þrjár hringferðir hraðar, eins og þær sem »Austru« fer. Vér tókum þetta fram sem bændingu, því að vér höfum orðið þess áskynja, að allar línar hröðu hringferðir »Austru« hafa borðið sig, og oft gehð álitlegan arð.

Af því sem hér hefir verið sagt, má ráða í höfuðstæðuna til þess, að strandferðirnar hafa ekki borðið sig; auðvitað eru þar til einnig fleiri ástæður: farmgjald af ufermdum vörum úr millilandaskipunum, það er strandferðaskipin fá, er að eins 1/3 af farmgjaldinu milli útlanda og Íslands. En þetta er of lítið, enda engin frágangssök að láta greiða ofurlítið aukafarmgjald fyrir slíkar ufermdar vörur. Þótt það mun á viðtalvendum þess vörurnar á höfn í sin; en safnast þegar saman kemur, og þetta gæti dregið skipstúterðina svo að talsverðu munaði. Ennfremur er farþegagjald milli næstu hafna einatt alt of lágt. Það er ekkert vit í því að hafa farþegagjald með strandbátunum eina 50 ára milli hafna, þar sem flóabátarnir taka hálfu aðra og tver krónur. Alt þetta nú talda hefir valdið því, hve illa strandferðirnar hafa borgað sig. Ög öllu þessu er auðgefið að kippa í lag.

Sudurlandsbáturinn (»Perwie«) hefir verið stærsti ómaginn allra, og virðist það fullreynt, að ekkert vit er í að halda þeim ferðum uppi. Væri viðkomustöðum »Austru« (eða þess skipis er þá leifi fari) fækkad eins og bent hefir verið á hér að framan, þá gæti hann vel komið við á Hornafirði í einum 3 ferðum. Vík er aftur sú vandkvæðahöfn, sem engin tiltök eru að láta áætlunarbundið skip koma við á. Fyrir þinginu liggur beidni frá Rangæingum og Arnesingum um að láta stóran mótorbát ganga milli Víkur, Vestmannaeyja, Stokkseyrar, Eyrarbakka og Reykjavíkur, en hætta við Sudurlandsskipið. Í þessu virðist mikið vit, hvort sem heldur yrði ofan á, að landssjóður kostaði þessar mótorbátferðir, eða þá hitt, sem liggur öllu nær, að hann styrkti þessar sýslur til að halda sjálfar úti mótorbátunum, eða jafnvel að hann gæfi þeim hentugan mótorbát (Diesel-motor?) og önnuðust þær svo sjálfar ferðirnar. Hver kosturinn af þessum þremur, sem tekinn yrði, mundi verða landssjóði miklu ódýrari heldur en Sudurlandsbáturinn. Af því að meiri hluti nefndarinnar sér engin annan veg út úr ógöngum þessa máls, en að fela stjórninni að leita samninga eins og best hún getur um strandferðir næsta ár, þá höfum vér tekið fram það sem hér að framan er skráð, til leiðbeiningar fyrir stjórnina við þá vantanlegu samninga.

En með því að ferðirnar þannig mundu takmarkast stórum, og Sudurlandsferðirnar falla burt og Hamborgarferðirnar sömuleiðis, þá eru engin líkindi til að verja þurfi 60 þús. kr. til svona lagaðra strandferða, sem vér höfum nú bent á. Virðist því sem 40 þús. kr. ættu að nægja til þeirra, eða að minsta kosti þyrfti ekki að fara langt fram úr þeirri upphæð. — Samkvæmt þessu verða tillögur meiri hluta nefndarinnar:

- 1. Að Thorefélagið sé leyst frá samningi þess 7. ágúst 1909 frá lokum þessa árs.

- 2. Að stjórninni sé falið að leita fyrir sér um samninga, hvar sem hún getur, um strandferðir, svo göðar sem kostur verður á, án þess að verja til þess meiru fé en svo, að eigi fari að stórum mun fram úr 40 þús. kr.

Álit minni hlutans.

Eg undirritaður hefi ekki getað orðið samdóma minum háttvirtu með nefndarmönnum um sum atriði þessa máls. Eins og sést á bréfi Thorefélagsins (fylgiskj. 1), fer félagið fram á að samningur (Kontrakt) félagsins við Íslandsstjórn verði því að öllu leyti (»i det hele«) eftirgefinn. Sé það gert falla einnig Hamborgarferðirnar niður. Ferðir þessar hafa bakað félaginu tjón, en verzlunarstétt Íslands mun þykja einkar-meinlegt að missa þær, án þess að neitt annað samband við Þýskaland komi í staðinn. Eins og menn væntanlega muna, var fyrir nokkrum árum vakið máls á því, að millilandaskip Sameinaða félagsins skyttust til Lübeck frá Kaupmannahöfn, meðan þau dvelja þar ferða milli. Þetta er ekki langur vegur, tólf stunda ferð, á móta langt eins og heðan til Stykkishólms, en þangað skreppa millilandaskipin hér oft fyrir minni farm, heldur en í Lübeck mundi fást. Þegar þessi málaleitan kom fram, lét borgarráðið í Lübeck í ljósi, að það vildi undanþiggja Íslands-skipin hafnarjöldum, ef þau kæmi þangað. Lübeck er ódýr staður að sigla til, liggur mætavel við skipun á vörum hvernvetna frá Þýskalandi. Nefndin grenslast eftir, hvort Thorefélagið ætlaði að halda uppi millilandferðum eftir sem áður, ef það fengi uppgjöf frá samningi sínum og kvad það svo vera. Vér vildum þó ennfremur vita, hverja útsjón félagið hefði til að geta þetta, og fengum því fyrir meðalgöngu ráðuneytisins yfirlýsingu frá Handelsbanken í Kaupmannahöfn og segir bankinn í því samskeyti, að sér sé kunnugt um bæarskrá félagsins til alþingis, og lýsir haun eftir ósk Thorefélagsins yfir því, að hann (bankinn) vilji stuðla að því að viðhalda milliferðum félagsins milli Íslands og útlanda, en nefnir ekki beint, hvort Hamborgarferðirnar séu þar í fölgjar. En eg þykist hafa ástæðu til að ætla að svo muni ekki vera.

Fyrir því virðist mér ástæða til að binda uppgjöf samningsins því skilyrði, að ef félagið haldi eigi við Hamborgarferðum, þá láti það skip sin skreppa í nokkrum ferðum frá Kaupmannahöfn til Lübeck, meðan skipin liggja í K-höfn.

Í annan stað er eg þeirrar skoðunar, að rétt væri af landinu að reyna að reka strandferðir sínar sjálft, og það leigi til þess bátaana Austru og Vestra, ef þeir fást á leigu, en kaup þá ella. Bátarnir kostuðu hver um sig 169.000 kr., er þeir voru byggðir. Síðan eru að eins tvö—þrjú ár, og sökum þess, hve skip eru stigin í verði eru bátarnir nú meira virði. En félagið, sem annars á nú vísan kaupanda að bátunum, vill vinna það til, að selja landssjóði bátana fyrir það, sem þeir kostuðu félagið, ef það losnar við samninginn. Háttvirtur meiri hluti ber það fyrir, að fjárhagur sé nú þróngur, stjórnin peningalaus og mundi verða að taka lán til að borga út bátana. En þar til má því svara, að bátarnir voru byggðir með því skilyrði, að þeir yrðu afborgaðir á tíu árum, og hefir félagið boðið, að landssjóður megi ganga inn í afborgunarkjör sín.

Í annan stað vita allir, er lesa útlend fjármálablöð og siglingablöð, að skipaskortur er svo mikill nú um allan heim, að engin von er til, að úr honum verði að fullu bætt á minna en tveim til þrem árum. Háskinn væri því enginn að kaupa bátana nú fyrir þetta verð og reyna eitt ár hvornig útgerðin bæri sig. Reyndist það illa, gæti landssjóður sjálf sagt selt bátana sér að skaðlausu að ári liðnu. Hér væri því mjög litlu til hætt eitt ár. En bændingar þær um fyrirkomulagið, sem gefnar eru í nefndaráliti meiri hlutans gefa góða von um, að takast mætti, að landið héldi sjálft uppi strandferðunum, án þess að leggja eins mikið í sölnurnar, eins og það verður að gera með árlegum strandferðastyrk. Eg hefi hugað mér stjórnarfyrirkomulagið á útgerðinni mjög einfalt og ódýrt, afgreiðslustofu í Reykjavík eins og nú, en að afgreiðslumáður hefði ekki vald til að vera að þvæla skipunum eftir gedþotta á hafnir utan áætlun. Eg ætlast til, að skipstjórnir haldi tekju-reiðningu og gjalda, hver fyrir sitt skip og geri reiðningsskil eftir hverja ferð. Það skyldi á þeirra valdi að hlupa inn á aukahafnir, ef þær þættust hafa tíma til og framboðinn farmur borgaði kostnaðinn. Skipstjórnir mundu, ef ferðirnar gengju vel, skapa stálfum sér fasta framtíðarstöðu, og þannig hafa hina mestu hvöt til að gera sitt til að ferðirnar borgi sig.

Reynslan mun og hafa staðfest, að skipin borga sig bezal með islenskum skipstjórum. Loks skal eg nefna hér þær hafnir, sem úr mundi mega fella, sumar að öllu, sumar að mestu leyti úr áætlunum. Þær verða þessar:

vestan: Akranes, Hafnarfjörður, Stapi, Grundarfjörður, Skarstöð, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bakkabót, Bildudalur, Súgandafjörður, Sudureyri, Bolungarvík, Álftafjörður, Aðalvík, Höfn, Reykjarfjörður, Bitrufjörður, Lambhúsvík, Kálfshamarsvík, Selvík, Ólafsfjörður, Hrisey og Hjalteyri. En austan-megin: Vík, Lóðmundarfjörður, Unaðs, Gunnólfsvík?, Fjallahöfn, Flatey, Grimsey, Grenivík og Svalbarðseyri. Ef til vill þyrfti aftur að taka Stöðvarfjörð á áætlunina í sumum ferðum. Tillögur minar verða því:

- 1. Að alþingi gefi Thorefélaginu upp samning sinn með þeim skilyrðum: a) að félagið fari nokkrar ferðir eftir ákvörðun stjórnarráðsins milli Lübeck og Kaupmannahafnar á millilandaskipum sínum, b) að félagið annaðhvort leigi landssjóði skipin Austru og Vestra næsta ár með því verði, er landstjórnin telur aðgengilegt, eða selji landssjóði skipin þannig, að landssjóður gangi inn í kaup félagsins á þeim með þeim skilyrðum um afborganir o. s. frv., sem félagið nýtur nú sjálf.
- 2. Að landssjóður leigi eða kaupi skipin Austru og Vestra, og haldi þeim út á landssjóðs kostnað, og sé landstjórninni heimilt að nota til þess þá fjárupphæð, sem nauðsynleg er, og fá þá upphæð að nokkru eða öllu að lán, ef á þarf að halda.

Þingmannafrumvörp.

(Framhald).

52. Frv. til laga um unglingskóla á Ísafirði.

Þeim, er tekið hafa fullnaðarpróf við unglingskólann á Ísafirði er heimilt að ganga próflaust í 2. bekk gagnfræðaskólans á Akureyri, samkvæmt reglugerð, er sett skal af ráðherranum fyrir unglingskólann.

Frumvarp þetta flytur Sigurður Stefánsson.

53. Frv. til laga um kaup og útgærd tveggja strandferðabáta.

Það hljóðar svo: 1. gr. Stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir landssjóðs hönd strandferðabátana »Austru« og »Vestru« fyrir samtals alt að 340.000 krónur.

2. gr. Bátunum skal haldið út á landssjóðs kostnað til strandferða í kringum landið, og sigla þeir eftir ferða-áætlun er stjórnin býr út með ráði alþingis. Þó yr stjórnarráðið út ferða-áætlunina fyrir sumarið 1913.

3. gr. Stjórnin semji við afgreiðslumann í Reykjavík að annast um rekstur bátanna, hafa á hendi reiðningshald og afgreiðslu í Reykjavík, leggja til húð til afgreiðslu, og útvega afgreiðslumenn úti um land, alt gegn þóknun, er stjórnarráðið semur um.

Skal afgreiðslan í Reykjavík senda stjórnarráðinu mánaðarlega reiðning yfir tekjur og gjöld útgerðarinnar og sýna bækur sínar þar að lútandi, hvernær sem krafist er.

4. gr. Stjórninni veitist heimild til að taka alt að 400.000 kr. lán til skipakaupanna, og reksturskostnaðar. Ennfremur veitist henni heimild til að nota það af strandferðatilagi í núgildandi fjárlögum, er með þarf til útgerðar bátanna.

5. gr. Takist stjórninni að semja við innlent eða erlent gufuskipafélag, um hentugar strandferðir fyrir lok októbermánaðar næstkomandi, fellur heimild þessi niður.

Lög frá alþingi.

- 1. Lög um löggilding verzlunarstadað að Gjögri í Strandasýslu.
- 2. Lög um breyting á tíma þeim er hið reglulega alp. kemur saman.
- 3. Lög um að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og simakerfið þar.
- 4. Lög um samþykkt um veiði í Drangey.
- 5. Lög um sölu á eggjum eftir þyngd.
- 6. Lög um breytingu á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. júlí 1911.
- 7. Lög um stækkun verzlunarlöðarinnar á Flateyri við Önundarfjörð.
- 8. Lög um stækkun verzlunarlöðarinnar í Norðfirði.

Íslandsglíman 1912.

Þeir voru 7, sem glímdu. Þar af þrír Stokkhólmssfararnir: Guðmundur Kristinn, Kári og Sigurjón. Hallgrímur var vant í hópinn — gat eigi verið með vegna ferðalags suður með sjó.

Fyrir bragðið varð glíman eigi nærri eins „spennandi“, svo sjálfgefið, að Sigurjón mundi sigra.

Enda fór svo. Lengst stóð Kári í honum.

Sigurjón hefir nú unnið beltíð í 3. sinni.

Hann er vel að því kominn og nafni því er beltinu fylgir: *Glimukappi Íslands*.

Samningar við Norðmenn.

Nedri deild alþingis samþykkti í gær svohljóðandi þingsályktunartillögu:

Nedri deild Alþingis ályktar að að lýsa því yfir, að hún muni ekki vera ófús á fyrir sitt leyti að fella úr gildi lög nr. 27, 11. júlí 1911, ef móti kæmi í Noregi afnám tolls á íslensku saltkjöti og álitleg lækkun á tolli á innfluttum íslenskum hestum.

Fyrsta grein laga þeirra, er hér ræðir um hljóðar svo, og er hún aðalefni laganna:

Þegar útlend sildveiðiskip eru á landhelgisvæðinu, þá er þeim skylt að hafa báta sína uppi á skipinu á venjulegum stað og nætur inni í skipinu, en þó ekki í bátunum.

Lögin voru sett fyrir margitrekðar tillögur yfirmanna á varðskipinu *Íslands Falk*.

Hulinn fjársjóður.

Efri deild alþingis hefir í dag felt lagafrumvarp það, sem nedri deild aðallega bygði á, til nauðsynlegs tekjuauka fyrir landsjóð. Ef eins fer um önnur skatta og tollanymæli í þinginu, má búast við að tömhjóð verði í landsjóðsskúffunni næsta áf.

Par sem svona er ástatt, virðist vera ástæða til að benda á, að til er í landsjóði hulinn fjársjóður, sem nemur hundruðum þúsunda króna.

Eg á hér við birgðir þær af óbrúkuðum gömlum frimerkjum, sem legið hafa árum saman gagnslauss í stjórnarráðinu.

Þar eru miklar leifar af þremur útgáfum frimerkja, sem sé „1“ gildi '02—'03, með mynd Chr. IX. og með mynd beggja kónganna. Það hefir nógu oft verið skift um frimerki, en landið hefir ekki grætt mikið á því, með því að birgðirnar hafa verið látnar liggja óseldar.

Í Danmörku lét pósthjórnin í vetur selja við opinbert uppboð lítillsáttar leifar af gömlum frimerkjum sínum, og kom þá svo mikið kapp í frimerkjakaupmenn, að frimerkin hækkuðu mjög mikið í verði og seldust óvenju hátt.

Hér ætti að hafa sömu aðferðina. Þingið ætti að skora á stjórnina að nema úr gildi tveir hinar síðartöldu útgáfur og halda að eins eftir nýjustu útgáfunni með myndum Jóns Sigurðssonar og Friðriks VIII.

Hinu öllu ætti að koma í peninga sem fyrst, á þann hátt, sem stjórnin teldi heppilegast, og mundi söluverð þeirra eflaust nema mörgum hundruðum þúsunda, kaupendum að skaðlausu, en landsjóði til talsverðs tekjuauka.

Reykjavík 16. ágúst 1912.

D. Thomsen.

kaupmaður.

Lík rekur.

Fyrir skömmu rak í Knararnesi á Mýrum lík Guðmundar Diðrikssonar, formanns á mótorbát þeim héðan úr bænum, er fórst í mallok.

Líkið var lítt skemt. Verður Guðm. jarðaður hér í bæ á þriðjudag.

Lík félaga hans 3, sonar hans og tveggja annara, er á bátum voru, eru ófundin.

Landssíminn 1906—1911.

Nýlega er komin út skýrsla um störf landsímans frá fyrstu byrjun til ársloka 1911.

Það er eigi lítil vöxtur, sem landsímakerfið og starfræksla öll hafa tekið þessi 5-ár.

Nedangreindar tölur eru skýr vottur þess.

Í árslok 1906 voru stöðvar alls 22 en í árslok 1911 93.

Símalengdin var 1906 1241.9 rastir, en 1911: 4302.9 rastir.

Kostnaður við lagningu símans var í árslok 1906 orðinn liðugur 558,000 kr., en 1911 tæpar 1227,000 kr. Af þessu fé hefir landsjóður lagt til tæpar 850,000 kr., aðrir (aðallega hreppfélög) undir 379,000 kr.

Tala símskeyta hefir þessi 5 ár aukist ótrúlega. Innlend símskeyti voru 1906: 1032, en 1911: 18064, erlend skýti voru 1906: 3005, en 1911: 21,706.

Símasamtöl hafa þó margfaldast miklu meira, úr 3727 vídtalsbílum 1906 upp í 104,000 1911 eða hátt upp í 300 vídtalsbíl á dag.

Tekjur af starfrækslunni voru 1906 kr. 8722, og gjöldin sama ár kr. 8081, tekjuafgangur því 641 kr. En árið 1911 reyndust tekjur kr. 124347, gjöld 63199 kr., tekjuafgangur því 61148 kr. Þessi tekjuafgangur er því renturnar af fjárhæð þeirri, sem lögd hefir verið til símalagningar. Hún er svo sem áður getur, nál. 1227,000 kr. Það má því reikna, að síminn gefi af sér 5%.

Ef við höldum saman

Lögrétta flytur góða og eftirtekta-verða grein um Stokkhólmssfarana íslensku og hinn mikla og góða árangur af því hvað þeir voru samtaka og sambuga. Þræðir greinin að miklu leyti ágæta ræðu, er landlæknir G. Björnsson flutti til þeirra í samsæti hér, eftir heimkomu þeirra, enda standa stafrínir G. B. undir greininni.

Í henni eru meðal annars þessi ummæli sem vert er að halda á lofti:

Þessi Stokkhólmssfararinn kemur snoppungur á þá Íslendinga, sem vilja halda áfram að ganga í stöðulaga-haftinu.

Og við hinn, sem viljum losna úr haftinu, við sjáum þarna letræð með stórum stöfum meginatriðið í sambandsmálinu:

Okkur vantar, að Ísland verði sérstakt ríki og fái það táknað með íslenskum ríkisjána.

Stokkhólmssfararnir okkar, þeir eiga líka þakkir skilið, af öðru tagi, okkar innilegustu og beztu þakki, því að þeir hafa verið þjóðinni til mikils sóma. Þeir voru einir 8 og þó farnaðist þeim vel, af því að þeir höldu allir saman sem einn maður og vörðust allan innbyrðis flokkadrátt.

Þeir voru bara átta, en hér erum við áttatíu þúsund, og hvað ætli gæti ekki unnist í sjálfstæðisbaráttunni, ef við hærtum að stæla um bannsetta smámunina og legðumst allir á eitt.

Mannskaða samskot afhent undirrituðum.

Verzlun H. P. Dans 2000,00. Jón Ólafsson skipstjóri Miðstr. 8 kr. 10,00. Guðmundur Jónsson Hvg. 80 kr. 10,00. Jóhannes Sveinsson Smiðjust. 7 kr. 5,00 Þórður Þórðarson sama st. kr. 1,00. Safnað í Bryde báð kr. 17,00. Skipshöfnin á kutter Björgvíni kr. 107,00. Skipsh. á Milly kr. 57,00. Skipsh. á Sigríði kr. 54,00. Skipsh. á Ásu kr. 95,00. Skipsh. á botnvörpurskipinu Triumph kr. 150,00. Skipsh. á Freyr kr. 93,00. Skipsh. á Jóni Forseta kr. 133,00. Skipsh. á Braga kr. 180,00. Skipsh. á Skallagrími kr. 168,00. Skipsh. á Íslendingnum kr. 66,00. Skipsh. á W. Wetherly kr. 57,40. Jakob Jónsson verzlunarstj. kr. 10,00. Samtals kr. 3214,40.

Brykjavík 1. ágúst 1912.

H. Hafðíason.

Fegursta bókasafn heimsins. Það kvæð vera í Vesturheimi í borginni Boston og var nýlega fullmíðað. Kostnað þess, að sögn, 2 1/2 milljón dollara og allt til þess vandað svo sem frekast voru fong til. Renna bækurnar á rafmagnsbrautum um húsið, til þeirra er vilja nota þær og aftur frá þeim, er þeir skila þeim. Er talið að þetta gangi allt með meiri hraða en í nokkru öðru bókasafni.

Borgarbúar nota bókasafnin feikna mikið. Þeir eru um 500,000 manna og telst svo til að 8. hver maður í borginni noti safnið. Hver þessara manna lánar að meðaltali 20 bækur. Verður þá tala lánaðra binda á ári 1.300.000.

Til bókasafnsins greiðir borgin árlega 250,000 dollara, en 16,000 á lara íar það árlega að gjöf annara staðar frá.

Áfengisbaráttan á Frakklandi.

Eins og allir vita er Frakkland eitt hið mesta vinland að framleiðslu til og hafa margir andstæðingar bindindis bent á það land, sem dæmi þess, hvað menn megi vera í náinni umgengni við vin og geti umgengist það frjállega, án þess að það geri tjón. Þess skal getið, að Frakkar búa ekki eingöngu til hrein vinberjavín, heldur líka feiknir öll af brennivíni og öðrum hinum ógöfugri áfengistegundum.

Að Frakkar ekki þykjast fara varhluða af áfengisbólinu, þráu fyrir þessa „frjálstu umgengni“ sýnir eftirfarandi útdráttur úr grein í frakkneska tímaritinu *La Revue*, eftir fyrverandi ráðherra *Victor Augagneur*. Er hann þýddur úr málhefti *Review of Reviews*.

Ráðherrann þrýgar á að skýra frá hinum miklu erfðileikum, er á því séu að takmarka áfengisnautnina með lögum. Hann berst einkum fyrir því að takmarka tölu veitingastaða.

Á þinginu var 5. febr. síðastliðinn greitt atkvæði um lög, sem lágu fyrir frá öldungaráðinu, um að takmarka tölu veitingastæða. Af 598 þingmönnum greiddu að eins 156 atkvæði með takmörkun og þótt lögin féllu þannig og féllu röklega, við fámennan en góðmennan liðsalla, þá er höfundurinn fastur á þeirri skoðun, að eitt af heppi-legustu ráðunum til að vinna á áfenginu, sé það að takmarka tölu drykkjarkráa.

Á síðasta fimtu árum segir hann að áfengisnauti hafi þrefaldast á Frakklandi. Móttöðumenn bannlaga haldi mjög geyst fram verzlunarfrælsi. En í raun og veru sé algjört verzlunarfrælsi ekki til, á því né öðru. Fallvitandi um lánýti þessarar ástæðu, halda bannfjendur því fram, að takmörkun á veitingaleyfi mundi verða ófullnægjandi til þess að takmarka drykkjuskap. Lögin mundu verða ekki einungis ranglát, heldur líka gagnslauss. Á þinginu mun þetta hafa verið skálkaskjól forvælenda drykkjumanna. Hefti atkvæðagreiðslan verði leyntileg mundu 400 í stað 156 hafa stótt lagafrumvarpið. Meinið er að áfengiskaupmenn hafa geysimikil áhrif á þingnefndir og hröðsala þingmanna við að taps atkvæðum gjörir illmögulegt að vinna þug á farganinu.

Tilgangur frumvarpsins var frekar sá, að koma í veg fyrir útbreiðslu drykkjuskapar meðal þeirra, sem eru ekki orðnir drykkjeldir, heldur en að leika gamla drykkju- hvern-ann-ann það, að drykkjuöndurinn kemur snoppungur á þá Íslendinga, sem vilja halda áfram að ganga í stöðulaga-haftinu.

Áður en löggjöfin hóst var í Svíþjóð eitt veitingaleyfi fyrir hverja hundrad íbúa, en nú er að eins eitt fyrir hverja 5000 og áfengissala hefir færst úður í einn áttunda hluta af því sem var. Í Noregi var áður eitt veitingaleyfi fyrir hverja 200 íbúa, en nú eitt fyrir hverja 9000 og áfengissala hefir færst úður í einn tólfta af því er áður var. Í Fílandi hefir líka breyting orðið. Hvers vegna skyldi ekki eitthvað líkt geta orðið í Frakklandi?.

Af þessari grein geta menn ráðið að löggjafarvaldið á Frakklandi hefir einnig áfengismálið til meðferðar, þótt erlitt eigi það uppráttar þar, sem von er. Menn vitna oft til Frakka sem einnar mestu menningarþjóðar heimsins, og langt munum vér Íslendingar eiga eftir að ná þeim. En allt um það eru þeir ekki komnir svo langt, að þeir kunní alment að umgangast áfengið á frjálsmannlegan hátt og „á hófi“, sem kallað er. Drykkjuskapurinn vex hjá þeim, án þess að vitrustu menn þeirra og úrræða beztu ráði neitt við. Reynslna bendir þá til þess, að ekkert af þeim þjóðmenningarstigum, sem heimurinn þekkir enn, gefi neintra tryggingu gegn vanbrúkun áfengis, ef mönnum er að því greiður gangur. Flestar þjóðir taka því það ráðið, að takmarka áfengisnautn með lögum, en fyllileg reynslna er ekki fengin fyrir því hvað langt má komast á þeirri braut, eða hvað langt er hentugt að fara. Væntanlega eigum vér Íslendingar kost á auka reynsluþekkingu heimsins í þessu efni, ef ekki brestur þolinmæðina, því að fáir hafa komist lengra á þessari löggjafarbraut en vér, og er teplega þakkarvert, þar sem hér er engin framleiðsla á áfengi í landinu.

Þess vegna hvílir á oss bein skylda að fullreyna samvirkusamlega og með góðri stjórnsæmi, að hverju leyti frekast er mögulegt að verja menn fyrir áfengi og láta það gleymast. Um slíkt hafa engir spádómar hið minsta sönnunarverði.

Frá og með 15. ágúst 1912 er verðið á öllum tegundum af steinolíu hækkað um 5 krónur pr. funnu.

Hið danska steinolíuhlutafélag, Íslands-deild.

Húsnæði í Hafnarfirði.

Stór og smá herbergi fyrir einhleypa eða fjölskyldur og kjallarapláss, til leigu. Semja ber við Þórarinn Egilsson.

2 Kanarífuglar í buri fást í Grettisgötu 19 A.

Efri-Íbúðin í Klapparstíg 1 C er til leigu 1. okt.

Til leigu herbergi á Amtmannsstíg 4 með húsbúnaði og miðstöðvarhitun.

Jarðarför Elínar sál. fósturdóttur okkar fer fram þriðjudaginn 20. þ. m. kl. 12 frá dómkirkjunni.

Reykjavík 17. ágúst 1912. Öddný Magnúsdóttir. Árni Pálsson.

Hér með tilkynnist að hattari Ólaf M. Hansen andaðist í Landakotssjúkrahúsi 16. þ. mán. Vandamenn hins látna.

Ýms erlend tíðindi.

Kh. 4/8 '12.

Heilsa Albertis. Menn eru hræddir um að Alberti muni ekki eiga langt eftir. Hann hefir lézt um helming í hegningarhúsinu. Þegar hann kom þar (í Horsens), vó hann 288 pund. Nú er hann ekki nema 150 pd.

Heimsins stærsti bryndreki. Í New York hefir komið fram sú tillaga frá Tittmann senator, að Bandaríkin láti smíða bryndreka, sem verði stærri en nokkurt annað skip í heimi. Hann hefir lagt fyrir sjóliðsnefndina að gera áætlanir um, hve stórt herskip megi vera til þess það geti flotið.

Titanic-skipstjórnin. Skipstjóri einn frakkneskur skýrir frá því, að hann hafi nýlega hitt á götu í Baltimore sjálfan skipstjórnann á Titanic, Smith, sem talinn var hafa druknað, er skipið fórst. Hafi þeir verið góðir kunningjar og hann því rokið til hans og viljað hafa tal af honum. En Smith verði á hraðri ferð, sagst vera að fara til Washington og beðið skipstjórnann þega um, að hann hafi hitt sig, unz hann léti hann vita nánara.

Ekki vilja erlend blöð samt trúá þessari sögusögn.

Brúarslys á baðstað.

Brú svignar undir 100 manns. 16 manns missa lífið.

Khöfn 4/8 '12.

Við baðstaðinn Bins á Rygen vildi til vrasins 28. júlí. Þegar gufuskipið *Kronprins Wilhelm* ætlaði að leggja að Prinz-Heinrich-brúnni, sem er einhver lengsta brú við baðstað þar um slóðir, svignaði brúin við ytri endann og meira en 100 manns dattu í sjóinn. Á brúarpartinum, sem eftir stóð, voru aðrir 100 og meðal þeirra reis upp óðsfeimtur. Nær 16 manns druknuðu, konur og börn flest. Hinum varð bjargað. Ungur maður frá Greifswald bjargaði einn 4 mönnum. Kona, sem sá einkason sinn 16 ára gamlan sökkva, varð brjáluð.

Eftirmæli.

Hinn 26. júní mána. andaðist á Landakotssjúkrahúsi ungrú Ingibjörg Sigurðardóttir, keislukona frá Svelgsá í Hvalfellsveit, eftir langvarandi veikni.

legu, 31 árs að aldri. — Hún var ein hinna mörgu mannvænlegu barna Sigurðar heit. oddvita Guðmundssonar og Ingibjargar Guðbrandsdóttur, er lengi ljúgu sœmdarabúi á Svelgsá.

Hjá Ingibjörgu heitinni vaknaðisnemma sterkur menningarhugur; sótti hún fyrst kvennaskólann að Ytrey; seinna gekk hún á kennaraskólann og tók þar burtfararpróf, stundaði síðan barnakenslu í 2 vetur. Fekk hún hvervetna lof fyrir stillingu, staðfestu og áhuga á starfi sínu. — Í síðastliðnum mánuði fór hún heiman að, alheil að því er virtist, til að sækja framhaldsnámsskeið í Reykjavík; en von bráðar bryðil á sjúkdómi þeim — berklum í lungum með blóðspýtingi — er á svo sorglega skömmum fresti leiddi hana til dauða. Sjúkdóm sinn bar hún með mestu stillingu og trúarþreki, þangað til yfir lauk. Kennari hennar, síra Magnús Helgason, sem vitjaði hennar í bannaleguni og reynt hafði henni hinn ljúfasti hjálparmaður, jarðsöng hana 4. júlí, að viðstöddum ómsum vinum. Þar á meðal þórléifa hafði súður til að vitja hennar, en kom degi síðan en hún lézt. Áður hafði Guðbrandur hreppstjóri á Svelgsá, bróðir hennar, gert sér ferð suður til að vitja systur sína í baualögum. Ástvinum sínum og öllum, er þekta hana bezt, er þessi unga námsmey harmdaufi, sökum mannkosta hennar. — X.

Reykjavíkur-annáll.

Aðkomumenn: Síra Rognvaldur Pétursson frá Winnipeg með konu sinni og mágkonu. Kom fyrir skömmu norðan úr landi.

Bæjarstjórnarfund átti að halda á fimtugadag, en fórst fyrir, með því að aðeins 7 bæjarfalltráar komu á fundinn.

Dánir: Ólaf Pálsdóttir húsrá frá Hafnarfirði, 73 ára. Dó 9. ág. Ólöva Hólmafríður Klemensdóttir, Túng. 50, 32 ára. Dó 9. ág. í Landakotssjúkrahúsi. Elín Einarsdóttir ym., Hverfisgötu 26, 16 ára. Dó 11. ág. í Vífilstaðahæli. Ólaf M. Hansen, hattari, Mjósátræti 6. Dó 16. ágúst.

Gamla Bíó hefir til sýnis þessi kvöldin kvikmynd af íslenskum glímum Jóhannesar Jósefssonar og félaga hans og ennf. sjálfsvörn hans. Það er mjög svo fróðlegt fyrir oss landa hans, sem aldrei höfum séð sjálfsvörnina, að horfa á kvikmyndina. Snæræðið er frábært. Á svipstundu liggja þeir, sem árásrinn gera á Jóhannesar, kylliflatir, hvort heldur hafa hníf, eða skammbyssu á lofti.

Það er fyrirboði þess, hvernig Jóhannesi mundi hér tekið, ef sjálfur kæmi hann, að í Bíó var kvikmyndinni tekið með þvílíkum fagnaðarlátum, lófataki og hrópum, að eins dæmi eru.

Guðspjónusta á morgun: Í dómkirkjunni kl. 12 síra Bj. J. Engin síðdegismessa. Í frikirkjunni kl. 12 síra Ól. Ól.

Skipafregn. Botnia fór til Ísafjarðar á fimtugadag. Farþegar m. a. Guðm. Guðmundsson skáld og Þorvaldur Jónsson útbústjóri.

Flóra kom í gærmorgun. Meðal farþegum voru Morten Hansen barnaskólastjóri, Metúsalem Stefánsson skólastjóri frá Eibum, Benedikt Blöndal ráðunautur, Páll Stefánsson umboðssali, Þórh. Danielsson kaupm. frá Hornafirði, Tryggvi Þórhallsson cand. theol., Dóra Þórhallsdóttir, Björn Þórhallsson bústjóri, Ólafur Þorsteinsson læknir, jfr. Soffía Jónsdóttir, Þorvaldur Snorrason með frá sinni o. fl.

Flóra fer aftur í dag kl. 4. Meðal farþega: Guðjón Sigurðsson úrsm. snöggva ferð til átlanda.

Sterling kom hingað á fimtugadagmorgun. Margir farþegar — einkum útlendingar. — Af Íslendingum voru m. a. Hjalti Guððason verzlunarm., Þorvaldur Pálsson magsjúkðómalskár, Einarsson kaupm. frá Þorhólmi og Augustínus töbökakauptur.

Landakotsskólinn

byrjar mánudaginn
2. september.

DE FORENEDE BRYGGERIER
Central Malt-Extrakt
bragðgott næringargott endingargott

Nýlenduvörudeild Edinborgar

Melónurnar munntömu.
Perurnar góðu 2 tegundir
Bananas, bezta tegund.

1895.

50 ára afmæli alþingis.
Verzl. Edinborg stofnuð.

Glervörudeild Edinborgar

Kaffikönnurnar, sem allir eru „skotnir“ í
Tepottarnir glæsilegu kr. 0,45—6,00
Saumakörfurnar smekklegu, 0,55—20,00.

Litill ágóði, fljót skil,
1912
veldur því eg enn er til.

Fatnaðardeild Edinborgar

Mislítar manchettskyrtur kr. 2,90—6,8
Brjósthilfarnar góðu kr. 0,45—1,25
Drengjamilliskyrtur, hvítar, 0,75—2,50

Ánavörudeild Edinborgar

Unglingakápurar frægu kr. 10,50
Svartröndótt silkisvuntutau kr. 8,00
Gólfúkurinn sterki, stórt úrval.

Innkaupin í Edinborg
auka gleði,
minka sorg.

Stefán Gunnarsson

Miklar birgðir af úllendum skófatnaði. Lægstá verð.

skóverzlun og vinnustofa Austurst. 3

Vönduð vinna og efni. Fljót afgreiðsla.

Hall's Distemper hefir rutt nýja braut í húsa-prýði, sem gjörir heimilin bjartari, hreinni og heilmæmari.

Hann er hinn haldbeztu húsafarfi, heldur árum saman sínu upprunalega útliti; veggjapappir lætur aftur á móti ásjá frá fyrsta degi, litast upp og á hann safnast ryk og óhreinindi.

Hall's Distemper er fullkomlega sóttvarnandi, er borinn beint á veggina, verður afar harður; við vorhreinsun má þvo ryk og óhreinindi af honum úr volgu vatni.

Hall's Distemper (skrúsett vörumerki)

er óviðjafnanlegur að gæðum, hefir allsstaðar meðmæli frá helztu heilbrigðisnefndum, byggingameisturum og málurum. — Aðeins bóinn til hjá: **SISSONS BROTHERS & CO. LTD. HULL, ENGLAND.**

nyzak...
Kristján Ö. Skagfjörð, Patreksfirði.
Í hveli Ísland, Rvík, til 28. júní.



Birgðir
af Grammófonplötum og alls konar pörtum til grammófóna til sölu með verksmiðjuverði hjá
R. P. Leví.

HOLLANDSKE SHAGTOBAKKER

Golden Shag med de korslagte Piber paa grøn Advarseletiket.
Rheingold.
Special Shag.
Brillant Shag.
Haandrullet Cerut »Crown«.

FR. CHRISTENSEN & PHILIP
KÖBENHAVN.

Reynid Boxcalf-svertuna „Sun“

og þér brúkið ekki aðra skósvertu úr því.
Fæst hvarvetna á Íslandi hjá kaupmönnum.

Buchs litarverksmiðja
Kaupmannahöfn.

Jólatrésskraut,
stjörnukastarar, póstkort, leikföng, auglýsingamunir og glerungsskilti, er alt ódýrast hjá
Oscar E. Gottschalek
Kaupmannahöfn.

Steróskóp og myndir
nykomið í
bókverzlun Ísafoldarpr.sm.

Kristol.
(Hármedal).
Ver hárröti og eyðir flösu.

Miklar birgðir
af alskonar timbri hefir
H.f. Timbur og kolaverzlunin
Reykjavík.

Toilet-pappír
kominn aftur
í bókverzlun Ísafoldar.

RATIN



Móinlaust mönnum og skepum.
Ratin's Salgskontor Ny Østerg. 2. København K

Syrpa

Frumсандar, þýddar og endurprentaðar sögur og æfintýri og annað til skemtunar og fróðleiks

Útgef.: Ó. S. Thorgeirsson, Winnipeg.
Eitt þéttprentað hefti (í Eimreiðarbroti), 64 bls. á hverjum árstjórdungi.
Verð: 35 cent heftið.

Þetta skemtilega og fróðlega sögurit fæst hjá **Árna Jóhannssyni**, bankaritari.

Ritstjórar: Ólafur Björnsson og Sigurður Hjörleifsson
Ísafoldarpr.entrúmiðja

Fernisollan þjóðfræga
kostar nú aðens 80 a. pt. í 50 pt. mæli 75 a. og enn ódýrari í heilum tunnum.
Verzlun B. H. Bjarnason.

Lotteri Kringsins

Drættirnir, sem út hafa komið eru þessir:

Nr. 1 — 1183
— 2 — 17
— 3 — 1894

Nitsonslampaáhöld

Kúplur Pumpur, Glóðarnet m. m. er úykomið til
verzl. B. H. Bjarnason.

Fluglýsing.

Þeir sem þurfa að hafa við mig bréfavíðskifti, skrifi mér — eftir 20. þ. m. — að Flateyri við Önundarfjörð.
Bakka í Atearfirði 7. ág. 1912.
Jón Hallgrímsson.

Hér með tilkynnist vinum okkar og vanda mönnum að jarðarför mannsins míns sál, Guðmundar Jakobs Dóðrikssonar, fór fram þriðjudaginn 20. ágúst kl. 11 1/2, frá heimili mínu Hverfisgötu 47.

Þeir sem hefðu hugsað sér að gefa krans í minningu um fráfall hans, óska og heldur oftr að létu andvirði þeirra ganga til systur minnar, sem liggur í Heilsuhælinu á Vífilsstöðum. Kransandvirðinu veitir mótöku Kristján Kristjánsson járnsmiður, Lindargötu 28.

Guðrún Sigurðardóttir.

Brúðkaupskort

afar-ódyr, nykomin í
Bókverzlun Ísafoldarpr.sm.

Völundur

selur ódýrust húsgögn og hefir venjulega fyrirleggjandi:

Kommóður Borð Buffet Servanta
Fataskápa Rúmstæði Bókahillur, litaðar
Bókaskápa úr eik og mahogni
Ferðakoffort

Eldhúströppur sem breyta má í stól
Srkifborð með skúffum og skápum
Búrskápa o. fl.

Ofangreindir munir fást ósamsettir ef óskað er.
Allskonar önnur húsgögn eru smiðuð úr öllum algengum viðartegundum, eftir pöntun.

Ennfremur eru til fyrirleggjandi:

Hurðir, mjög vandaðar, kvistlakkadar og grunnmálaðar ef óskað er, stærð:

3° x 1° úr 1 1/2", kontraktildar
3°3" x 1°3" — 1 1/2" —
3°4" x 1°4" — 1 1/2" —
3°5" x 1°5" — 1 1/2" —
3°6" x 1°6" — 1 1/2" —
3°8" x 1°8" — 1 1/2" —

Útidyrhurðir:

3° 4" x 2° úr 2" með kilstöðum
3° 6" x 2° — 2" —
3° 8" x 3° — 2" —
3° 12" x 2° — 2" —

Okahurðir, venjulegar.
Talsvert af hurðum af ýmsum öðrum stærðum en að ofan eru greindar, eru einnig til fyrirleggjandi. Sömu leiðis eru ávalt til:

Gerrikti Gólflistar Loftlistar
Kilstöð og ýmsar aðrar teg. af listum.
Allskonar karmæfni.
Rúmfætur Rúmstólpar Borðfætur
Kommóðufætur Stigastólpar
Pílárar ýmskonar.

Margskonar rennismiðar eru til fyrir hendi og alskonar pantanir í þeirri grein fást fljótt og vel af hendi leystar.

Komið og skoðið
það, sem er fyrirleggjandi í verksmiðju félagsins
við Klapparfíg.

Pappírsservíettur nykomnar
Bókverzlun Ísafoldarpr.sm.

Umsóknir

um ókeypis kenslu í barnskóla Reykjavíkur fyrir börn yngri en 10 ára og um styrk úr Thorkillisjóði, sendist borgarstjóra fyrir 15. sept. þ. á.
Borgarstjóri Reykjavíkur,
15. ág. 1912.
Páll Einarsson.

Ódýrt og gott yfirsenguríður fæst í Hverfisgötu 16. Þar eru sviðin svið fyrir lága borgun.

Forst- og Jagthuset

(Indhver Forstkandidat P. V. Riegels) stórst Specialforretning undir Sagkyndig Ledelse í Forst- og Jagtartikel har udsendt stort illustreret Katalog for 1912—13, om Vaaben, Ammunition, Rekvisitter, Jagtuderstningsartikler. 50 Sider med over 250 Afbildninger og c. 1000 Numre. Gennem direkte Indkøb paa Fabrikker og Salg fra Lager kun sælges til virkelig billige Priser. Katalog sendes gratis og franco paa Begæring. Adr. Gl. Koenigsvej 123, København V.